

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í Safnahúsinu, miðvikudaginn 20. maí 2020 og hófst kl. 14. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Ásgrímur Angantýsson, Steinunn Stefánsdóttir, Eva María Jónsdóttir og Anna Sigríður Þráinsdóttir. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson var gestur á fundinum. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Stefnuskra 2020–2024

Gengið var frá stefnuskrá Íslenskrar málnefndar tímabilið 2020–2024. Mörg verkefni bíða útlausnar en á þessu tímabili verða megináherslur fjórar: Viðhorf til íslensku (2020), Íslenska í skólakerfinu (2021), Netið (2022) og Fjölmenningsarsamfélagið (2023).

Stefnuskráin er birt á vef Íslenskrar málnefndar: <http://islenskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2020-2024>.

2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020 mun fjalla um viðhorf til íslensku. Ályktunin verður kynnt á málrættarþinginu í september.

3. Málrættarþing 2020

Rætt var um fyrirhugað málrættarþing 26. september og undirbúning þess. Rætt var um fyrirlesara á málrættarþinginu. Fundarsalur í Þjóðminjasafni hefur verið bókaður.

4. Ritreglur og kynning á þeim

Gestur á fundinum var Jóhannes Bjarni Sigtryggsson sem átti þátt í að semja drög að nýjum ritreglum Íslenskrar málnefndar sem mennta- og menningarmálaráðuneyti gaf út 2016 og 2018. Hann er ritstjóri Stafsetningarorðabókarinnar og heldur utan vefsíðu ritreglnanna (<https://ritreglur.arnastofnun.is/>).

Rætt var um nauðsyn þess að kynna betur ritreglurnar og voru ýmsar hugmyndir reifaðar, til að mynda að taka saman lítinn bækling um greinarmerkjasetningu fyrir skóla.

5. Önnur mál

a) Umsögn um stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu

Send var umsögn í Samráðsgátt þar sem lýst er yfir stuðningi við drög að frumvarpi um stjórnarskrárákvæði um íslenska tungu. Í frumvarpsgreininni kemur fram að ríkisvaldið skuli styðja og vernda íslenska tungu.

b) Fundur um verkefnið *Smá språk i Norden*

Haldinn verður fundur hjá Institutet för språk och folkminnen í Stokkhólmi í október um verkefnið *Smá språk i Norden*. Hugsanlega verður um að ræða fjárfund.

c) *Rannsóknarverkefnið Íslenska í ferðaþjónustu*

Íslensk málnefnd sendi stuðningsbréf 27. apríl við rannsóknarverkefnið *Íslenska í ferðaþjónustu* sem sótt var um styrk fyrir hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

d) *Fulltrúi Bandalags þýðenda og túlka í Íslenskri málnefnd*

Jóhann R. Kristjánsson, sem tilnefndur er í Íslenska málnefnd af Bandalagi þýðenda og túlka, hafði samband og tilkynnti að hann hefði flutt út á land. Engir meinbugir eru á því að hann sitji áfram sem aðalmaður í Íslenskri málnefnd.

e) *Aðalfundur Málræktarsjóðs*

Aðalfundur Málræktarsjóðs verður haldinn föstudaginn 12. júní kl. 15.30 í fundarsalnum Kötlu á Hótel Sögu. Gert er ráð fyrir að aðalmenn í Íslenskri málnefnd sæki fundinn.

f) *Notkun íslensku í fjölmiðlum*

Íslenskri málnefnd barst kvörtun þar sem fundið var að notkun íslensku í fjölmiðlum. Kvörtunin varðar m.a. raddbeitingu, málhraða og virðingu málflytjenda í málflutningi sínum fyrir áheyrendum. Ritað var bréf til útvarpsstjóra RÚV og málfarsráðunautar þar minnt er á að í lögum um Ríkisútvarpið og í samningi mennta- og menningamálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu er tekið fram að leggja skuli rækt við íslenska tungu og að málfar skuli vera til fyrirmyndar.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 15.30.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.